

Sþ.

229. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að rannsaka og gera tillögur um uppeldismál þjóðarinnar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa eftir tilnefningu þingflokka-anna fjóra menn í millipinganefnd til að rannsaka og gera tillögur um uppeldismál þjóðarinnar. Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir árslok 1948. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefur reynzt vel í málefnum varðandi undirbúning nýrrar skipasmíðastöðvar í höfuðstaðnum og nýja tilhögun strandferðanna að velja einn fulltrúa fyrir hvern þingflokk til að rannsaka og undirbúa löggjöf um þýðingarmikið mál. Kemur það af því, að þá verður niðurstaða nefndarinnar a. m. k. í samræmi við stefnu og skoðunarhátt Alþingis. Er Alþingi nú búin að samþykkja alveg einróma báðar niðurstöður þessarar millipinganefndar, sem ríkisstjórnin skipaði samkvæmt þingsályktun frá 12. apríl 1943, framkvæmdir hafnar við Elliðaárvog, þar sem þrjú stórfyrirtæki eru nú starfandi við að koma á fót hinni væntanlegu skipa- og bátasmíðastöð. Sömuleiðis er nú búin að ganga frá undirbúningi að smíði þriggja nýrra strandferðaskipa. Hefur aldrei fyrr né síðar verið tekið á strandferða- og skipabyggingarmálum þjóðarinnar með jafnmiklum samhug og framsýni.

Alveg sérstök ástæða er til að beita sömu aðferð við rannsókn og undirbúning nýrra framkvæmda í uppeldismálum. Svo óheppilega hefur viljað til, að þar hefur verið unnið að eins konar nýskipun, svo að segja utan við bæði þingið og þjóðina. Það mundi verða til mikils ógagns fyrir Íslendinga, ef þróun uppeldismálanna yrði rofin af eins konar slysi og freistað að fá Alþingi til að lögfesta óundirbúið og framandi skipulag, sem yrði í framkvæmdinni dauður bókstafur, sökum ókunnugleika þeirra manna, sem fengizt hafa við tillögugerð í þessu efni. Ný nefnd mundi taka til meðferðar og fullkominnar endurskoðunar frumvörp þau, sem nú hafa verið lögð fyrir Alþingi, en alveg sérstaklega beita sér fyrir að finna þær lausnir, þar sem fyrst og fremst er byggt á íslenskri reynslu og íslenskum staðháttum.

Skólamálanefnd sú, sem skipuð var 30. júní 1943, er til orðin fyrir blábera tilviljun. Árið 1941 báru tveir framsóknarmenn, Pálmi Hannesson rektor og Bjarni Bjarnason skólastjóri, fram tillögu um skipun millipinganefndar í skólamálu. Engar umræður höfðu farið fram um málið á mannfundum, í blöðum né í þingflokkum. Við meðferð málsins á Alþingi kvartaði Pálmi Hannesson yfir áhugaleysi þingmanna og „tómum stólum“. Kennslumálaráðherrann, Hermann Jónasson, skipaði ekki menn í nefndina. Síðan tók Magnús Jónsson prófessor við starfi menntamálaráðherra og hreyfði ekki heldur málinu. Loks kom aðvifandi maður, Einar Arnórsson hæstaréttardómari, í ráðherrastöðu. Báðir flutningsmenn tillögunnar voru þá hættir að eiga sæti á Alþingi. Enginn þingmaður bað um, að skólamálanefndin væri skipuð. Einar Arnórsson er afkastamikill rithöfundur, en ekki er vitað til, að hann hafi fyrr né síðar haft nokkurn sérstakan áhuga á skólamálu. En nú skipaði hann

sjö manna nefnd í málið. Í þessari nefnd voru allir fulltrúarnir launamenn. Þar var enginn til að gæta hagsmuna framleiðenda né skattgreiðenda. Aðeins einn maður var í nefndinni, sem hafði tekið virkan þátt í skólamálaframkvæmdum í landinu. Það var Ingimar Jónsson, forstöðumaður gagnfræðaskólans í Reykjavík. Og þessi maður gat einmitt flestum mönnum betur sannfærzt um, hve erfitt er að knýja áfram aðgerðir í skólamálu, ef fólk, sem á að njóta framkvæmdanna, starfar ekki með áhuga og samúð að málinu. Nefndin hafði þannig orðið til svo að segja óviljandi. Þegar hún lauk störfum, var höfundur hennar hættur að starfa í ríkisstjórn og að þjóðmálum. Tillögur nefndarinnar komu líka eins og þruma úr heiðskiru lofti. Þær eru nálega að engu leyti miðaðar við Ísland eða íslenska staðhætti, heldur við miklar borgir í framandi löndum. Það verður nú hlutverk þjóðarinnar og Alþingis að nota hinar framkomnu tillögur sem leiðbeiningu um það, sem ekki má gera í uppeldismálum, og láta koma til greina aðrar nýjar leiðir.

Fyrsti maðurinn, sem sýnt hefur starfi millipinganevndarinnar fulla alúð, er leiðtogi kommúnistaflokksins, Brynjólfur Bjarnason. Ekki er vitað, að hann hafi fremur en Einar Arnórsson sýnt nokkurn almennan áhuga fyrir skólamálu landsins. En tillögur nefndarinnar nálgast mjög stefnu hans flokks, því að samkvæmt þeim á að þjóðnýta börn og unglunga á Íslandi. Tillögur nefndarinnar hafa hvergi verið ræddar í blöðum né á almennum mannfundum. Engar áætlanir hafa verið gerðar um stofnkostnað né rekstrarkostnað við hið nýja skólakerfi. Málinu hefur verið svo gersamlega haldið utan við þjóðina, að ritstjórar áhrifamestu blaðanna virðast vera ókunnugir efni þess. Sama er að segja um marga kunna þingmenn. Þeir hafa í vetur haft nóg að gera við meðferð aðkallandi stórmála og ekki getað sinnt þessum nýkomnu og framandi frumvörpum. Kennslumálaráðherrann virðist ekki hafa getað fengið hina ráðherrana til að taka að sér meðábyrgð á málinu. Brynjólfur Bjarnason hefur í stað þess beðið menntamálanefnd neðri deildar að flytja málið. Hún hefur tekið það til meðferðar, án þess að nokkur nefndarmanna virðist vilja telja sig ábyrgan um framburð þess. Við fyrstu umræðu talaði Sigfús Sigurhjártarson nokkur orð um málið, aðallega yfir tónum stólum. Þingmenn sinnlu málinu alls ekki við fyrstu umræðu. Brynjólfur Bjarnason lýsti hins vegar yfir því, að málið yrði fram að ganga á þessu þingi, og kom því til leiðar, að meiri hluti efrideildarnevndarinnar í menntamálu sæti á fundum með menntamálanefnd neðri deildar við athugun málsins. Tilgangurinn með þessari ráðstöfun er auðsær. Það á að koma málinu gegnum Alþingi að þjóðinni óviðbúinni mitt í önnum þess undir þinglok nú í vetur.

Engu skal spáð um, hversu tekst að framkvæma þessa ráðagerð. Hún er að minnsta kosti ekki líkleg til að leiða mikið gott af sér. Í lýðfrjálsu land á almennmenningur að ræða og meta stórmál, áður en þau eru lögfest. Löggjöfin á að vera í samræmi við óskir og vilja fólksins í landinu. Alveg sérstaklega á þetta við um allt, sem snertir fjölskyldulífið og afskipti þjóðfélagsins af börnum og unglingum. Ef þjóðnýting æskunnar í landinu verður lögfest, án þess að það sé vilji foreldra og ungmenna í landinu, verður sú löggjöf eins og dauður bókstafur. Ef foreldrar finna, að það á að rjúfa fjölskylduböndin með vanhugsuðum og ranglátum framkvæmdum ríkisvaldsins, verða mynduð samtök um að vernda samlíf fjölskyldunnar móti skemmdarstarfsemi óviðkomandi manna. Ný athugun á uppeldismálum þjóðarinnar er tímabær, ef hún er framkvæmd með þeim hætti, að fólk, sem á að njóta þess, fái aðstöðu til að hafa áhrif á alla meðferð málsins.

Samkvæmt tillögum millipinganevndarinnar eiga öll börn og unglingar að vera skólaskyld frá 7 til 15 ára og undir vissum kringumstæðum til 17 ára aldurs. Í sveitum á að reisa heimavistar skóla fyrir öll börn í dreyfbýli og helst að hafa skólana mjög stóra, svo að þar starfi fleiri en einn kennari. Þegar barnaprófi lýkur, tekur við gagnfræðanám svokallað. Unglingar í kaupstöðum og kaupþúnum bæta því við sig skyldunámi í fjóra vetur, eða til 17 ára aldurs. Í sveitum á að þrýsta fólkinu til að afhenda héraðsskólana ríkisvaldinu til algerrar þjóðnýtingar. Þar á

að gerbreyta eignar- og yferráðum og þá ekki síður öllum vinnubrögðum. Héraðsskólarnir hættu að vera frjálsar uppeldisstofnanir fyrir þroskaða unglunga. Nú á að breyta þeim í lögbvingaða framhaldsbarnaskóla. Í fyrstu eiga þeir að starfa í tvö ár og sleppa hendi af unglingunum, þegar þeir eru 15 ára. En það yrði að sjálfsögðu bráðabirgðafyrirkomulag, því að í framkvæmdinni mundi þykja óviðurkvæmilegt, að sveitabörnin næðu á hálfu styttri námstíma sama lærdómsstigi og kaupstaðaunglingar. Það má því hiklaust gera ráð fyrir því, að ef gagnfræðakennsla kaupstaðanna nær yfir fjögur ár, þá verði sveitabörnin að sitja við sama borð. Nefndin gerir réttilega ráð fyrir því, að ýmsir foreldrar geti ekki kostað börn sín í þessa löngu heimavistarskóla ár eftir ár nema með því, að sveitarfélögin kosti dvöl þeirra að öllu leyti.

Nefndin hefur ekki talið ómaksins vert að gera athuganir eða áætlanir um kostnaðinn við þessa nýju tilhögun. Sá kostnaður yrði þó ekki alllitill. Byggingarkostnaður heimavistarskóla í sveitum fyrir öll börn og unglunga frá 7 til 17 ára aldurs yrði stórkostlegur og þá ekki síður kennaralaun og dvalarkostnaður barna og ungmenna, sem sveitarfélögin yrðu að verulegu leyti að standa straum af. Nefndin kemst lengst í athugunum sínum um þetta efni, þar sem hún bendir á, að til að fullnægja ungmennafræðslunni, þurfi ekki að bæta við nema svo sem 100 kennslustofum. Í héraðsskólanum í Reykholti eru þrjár kennslustofur, en öll byggingin mundi nú ekki kosta undir fjórum milljónum króna. Vantar þar þó enn mikið húsnæði, heimavistarherbergi, vinnustofur og kennaraibúðir. Það mun þess vegna þykja allþung byrði fyrir skattþegnana að reisa allar þær byggingar, sem hér er um að ræða, kosta nemendur, sem þar eiga að vera til að fullnægja bókstaf laganna, og til að standast kostnað við hina umfangsmiklu kennslu. Það er varla úr vegi, meðan málið er á umræðustigi, að sýna, hversu þjóðinni muni ganga að standast þennan tilkostnað.

Laust fyrir 1930, þegar lög voru sett um gagnfræðanáms í kaupstöðum, hafði verið lögfest, að í Reykjavík skyldi starfa gagnfræðaskóli, kostaður af ríkinu og höfuðstaðnum. Þá var enginn almennur unglíngaskóli til í bænum. Séra Ingimar Jónsson var skipaður forstöðumaður þessa skóla og með honum nokkrir mjög dugandi kennarar. Skólinn hefur frá upphafi fengið gott orð og notið vinsælda í bænum. En alla þá stund, sem liðin er frá stofnun hans, hafa ríkið og bærinn ekki séð sér fært að byggja yfir þessa stofnun. Hefur skólinn orðið að hafast við í ýmsum mjög lélegum bráðabirgðahúsakynnum. Nú í haust, 1945, er verið að grafa fyrir grunni að heimili fyrir þennan gagnfræðaskóla. Ekki tekur betra við, þegar litið er á getu og áhuga landsmanna fyrir húsakosti menntaskólans í Reykjavík. Hann býr enn við þau húsakynni, sem Danakonungur reisti hans vegna fyrir hundrað árum. Þar er algerlega óhæf skólastjóraibúð, íþróttahús, sem er bæði litið og illa vandað, og kennslupláss svo takmarkað, að nú mun vera unnið að því að endurbæta gömul gripahús til að auka húsrými til kennslunnar. Ef litið er á rekstrar-kostnað skólanna, eins og hann er nú orðinn, sést, að framleiðslan mun eiga erfitt með að standa undir þeim kostnaði, sem þar er farið fram á. Brynjólfur Bjarnason hefur í haust sem leið stofnsett einn skóla, án þess að lög séu til um það fyrirtæki. Það er gagnfræðaskóli Húsvíkinga. Nemendur eru rúmlega 30. Tilkostnaður við kennsluna fyrir kaптúnið og héraðið er um 1700 kr. á nemanda. Er þó enn kennt í gömlu húsi, þar sem ekki er borguð leiga, sama og engu varið til áhalda og annarra útgjalda, sem leiðir af fastri skólastofnun.

Reykjavík er stærsta og efnaðasta sveitarfélag á landinu, og menntaskólinn þar er elzti skóli landsins. Sú staðreynd, að ríkið og bæjarfélag Reykjavíkur hafa ekki treyst sér til að sjá þessari stofnun fyrir betri húsakosti en raun ber vitni, sýnir, hve erfiðlega muni ganga að þvinga fólkið í landinu til að taka á sig þær byrðar að reisa sæmileg skólahús til að geta boðið öllum börnum og unglíngum frá 7 til 17 ára viðunandi húsakost og kennslu. Og dæmið um hinn nýja, litla gagnfræðaskóla á Húsavík, sem er enn á byrjunarstigi að öllu leyti, sýnir ótvírætt, hve mikinn kostnað

skólaskylda allra barna og unglunga um 11 ára skeið mundi baka landinu. Ef Alþingi þykir rétt að stiga slíkt spor, mælir öll sanngirni með, að skattþegnarnir í landinu hafi verið spurðir um álit þeirra. Áður en hafizt er handa um þessa umfangsmiklu andlegu þjóðnýtingu.

Nefndin ætlast til, að allir þeir, sem lokið hafa gagnfræðaskólaprófi með sæmi-
legri einkunn, eigi rétt á fjögurra ára framhaldsnámi í menntaskólum landsins. Nú er málum svo komið, að báðir menntaskólarnir eru yfirfullir af nemendum og búa við þröngan húsakost, þó að þeir séu ekki í beinu sambandi við neina aðra skóla. En eftir að búið væri að gefa öllum þorra ungmenna í landinu lagalegan rétt til að heimta ókeypis menntaskólagöngu í fjögur ár, mundi áreiðanlega þurfa að bæla við þá skóla húsakynnum, sem Kristján 8. gat ekki dreymt um, þegar hann bætti úr heillar aldar þörf fyrir heimkynni menntaskólanemenda á Íslandi.

Nefndin ætlast til, svo sem vonlegt er, að allir stúdentar eigi síðar rétt á háskólavist. Núverandi húsakynni háskólans eru að verða of þröng fyrir hina mjög takmörkuðu tölu nemenda, sem útskrifast úr menntaskólunum, eins og þeir eru nú.

Skólaskipun sú, sem þjóðin býr nú við, er byggð á því, að ríkið og bæjar- og sveitarfélög leggi fram til þeirra mála eftir vilja og getu. Sömuleiðis er ekki reynt að hindra æskuna í landinu frá að leggja árum saman stund á skólagöngu. Grundvöllur islenskrar uppfræðingar hefur fram að þessu verið frjáls og byggður á sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna. Nú er stefnt að því að taka nokkurn veginn allt frelsi af foreldrum, ungmennum og borgurum landsins yfirleitt um allt, sem snertir uppeldi æskunnar í landinu. Auk þess er stefnt að því að leggja á þjóðina byrðar, sem ekki er létt að bera, allra sízt þar sem hinu aukni tilkostnaður mundi engan veginu verða til að auka orku þjóðarinnar, heldur til hins gagnstæða.

Skólamálanefndin hefur mál sitt á því, að hún telji æskilegt, að sveitarfélögin geti stofnsett skóla fyrir börn á 5—7 ára aldri, og lætur liggja að því, að þriggja ára börn geti þurft nokkra fyrirgreiðslu af því tagi. Nefndin segist ætla að tryggja fjölbreytni í náminu með því að skipta ungmennum í gagnfræðaskólum í tvennt. Stunda sumir aðallega bóknám, en hinir verknám. Bóknámið veitir rétt til inngöngu í menntaskóla og síðan í háskóla. Verknámið gefur engin réttindi. Danir hafa reynt þetta skipulag og gefizt það illa. Unglingunum er skipt með bóknámsprófi í sauði og hafra. Þeir, sem hljóta lægri einkunnir, eru dæmdir í aðstöðu „almúgans“. Bóknámið getur leitt inn á „höfðingja“stigið. Reynslan hefur orðið sú, þar sem þetta skipulag hefur verið prófað, að foreldrar neyta allrar orku með aukakennslu og hvers konar harðræðum að hjarga börnunum sínum inn í bóknámsdeildina, þó ekki væri nema til að bjarga heiðri sínum og barnanna. Er þessi keppni alkunn í Reykjavík, þar sem allri tækni kennsluþróðnings er beitt til að koma börnum höfuðstaðarbúa inn í gagnfræðadeild menntaskólans. Sannarlega verður aldrei með tölum talið það tjón, sem börnunum og unglungum er gert með þessu heimskulega atferli. En allra mesta ávirðingin í þessu efni er sú að óvirða framleiðslustörfin og koma þeirri hugsun inn í hug barna og unglunga, að meginhugsjón allra æskumanna eigi að vera sú að flýja frá framleiðslunni að lifibrauði á framfæri annarra.

Í breytingu þeirri á héraðsskólalögum frá 1939, sem Bjarni Bjarnason, Pétur Ottesen og sá, er þetta ritar, stóðu sérstaklega að, var gert ráð fyrir að þrískipta námstímanum í þeim skólum milli bóknáms, verknáms og íþróttar. Með þessu var bóknáminu, íþróttunum og vinnukennslunni gert jafnhátt undir höfði. Sundurgreining héraðsskólanemenda á milli bóknáms og verknáms hefur fram að þessu gerzt eftir vali þeirra sjálfra, þegar dvöl þeirra í skólunum var lokið. Allir nemendur áttu að finna, að þeir þurftu jöfnum höndum að nema bókleg og verkleg vinnubrögð. Héraðsskólarnir hafa gengið lengst allra islenskra menntastofnana að kenna vinnubrögð, og þar hefur tekizt að starfa á þann hátt, að unglingarnir hafa fundið, að ekki var hallað á verklega námið í samanburði við bólkfræðin. Þessi skoðunarháttur héraðsskólanna þarf að ná til allra annarra skóla, bæði við barnafræðslu og framhaldsnám, hverju nafni sem nefnist. Í þúsund ár hefur þjóðlíf Ís-

lendinga verið samanofið úr tveimur þáttum: líkamlegri vinnu og andlegri ræktun. Svo þarf enn að vera.

Sú breyting, sem nefndin leggur til, að þjóðnýta héraðsskólana, mundi svipta þá þeim vaxtarskilyrðum, sem byggjast á frumkvæði einstaklingsins. Í ríkisskólum er varla hægt að veggfóðra herbergi né mála húspak án þess að leyfi Alþingis og kennslumálastjórnarinnar komi til. Í öllum héraðsskólunum hefur verið efnt til margháttadrar vinnukennslu, einkum við smíði, þrátt fyrir fátækt skólanna. En eftir 50 ára fyrirhyggju Alþingis og ríkisstjórnar, er ekki enn búíð að koma á fót sæmilegum vinnustofum í bændaskólunum. Við Ísafjarðardjúp hafa börn og unglingar, feður og mæður lagt fram stórmikla vinnu og fé til að koma á fót héraðsskóla á Reykjanesi. Svipaða sögu má segja úr nálega öllum héruðum um tilkomu hinna héraðsskólanna. Á Reykjum í Hrútafirði er nú unnið að því að koma á fót verkstæði, þar sem a. m. k. tuttugu piltar gætu fullnumið nauðsynlegustu tækni við húsagerð og jafnmargar ungar konur lagt stund á matreiðslu- og saumanám. Samhliða þessu starfar áhugalið skólans að því að koma upp heitri sjólaug til afnota fyrir nemendur og sumargesti. Flestir héraðsskólarnir hafa tekið upp þann góða sið að reka gistihússtarfsemi á sumrin og bæta þannig úr sárri neyð ferðamanna í gistihúsalausum landi. Enginn ríkisskóli hefur lagt á sig þessa þjóðlegu skylduvinnu. Ríkisreksturinn vantar þar sem endranær fjör og skapandi kraft. Um leið og búíð væri að þjóðnýta héraðsskólana, mundi mestöll skapandi starfsemi hverfa, en forráðamenn þeirra kasta allri ábyrgð á fjárveitingavaldið og ríkisstjórnina.

Skólamálanefnd Einars Arnórssonar hefur nálega aldrei tekið tillit til íslenzkra staðháttar eða reynslu í tillögum sínum. Hana hefur ekki óráð fyrir, að tvískipting sú, sem gert er ráð fyrir í unglinganáminu, mundi verða til niðurdreps og fordjörfunar fyrir álit framleiðslustarfanna. Nefndin gerir heldur enga grein fyrir, hversu haga skuli vinnukennslunni. Og hún er sennilega alls ófróð um það, að 13 ára börn eru miklu miður hæf til að stunda hagnýtt verknám en 17—18 ára unglingar. Nefndarmönnum virðist vera litt kunnug hin mikla og almenna námsþreyta, sem einkennir börn, sem lokið hafa margra ára innhaldslitlu skyldunámi. Þegar héraðsskólarnir fá þessi þreyttu börn til framhaldsnáms, yrðu slíkir nemendur með allt öðrum og óskemmtilegri brag en þeir unglingar, sem kæmu af frjálsum vilja frá framleiðslustörfum heimilanna og verður stuttur námstími að góðum notum, af því að hvorki vantar fjör né áhuga. Sumir af beztu starfsmönnum við héraðsskólana hafa lýst yfir því, að þeim mundi ekki koma til hugar að starfa við þessa skóla, eftir að þeim hefði verið breytt í þvingunarstofnun fyrir börnin úr sveitunum. Með hinni ráðgerðu breytingu mundi hverfa allt sjálfboðastarf í sambandi við þessar vinsælu sveitastofnanir. Bjarni Bjarnason á Laugarvatni gæti hætt við að stækka túnið fram úr 70 dagsláttum. Hann gæti lagt niður kartöflugarða, sem framleiða 300 tonn af garðmeti. Óþarft væri fyrir hann að hugsa um gróðurhús eða að starfrækja stærsta gistihús landsins fyrir sumargesti. Eftirmenn Bjarna Bjarnasonar og hinna mörgu dugnaðarmanna, sem skapað hafa héraðsskólana með mikilli reynslu og fyrirhöfn, gætu, þegar hér væri komið sögu, hætt allri áhugamannastarfsemi og beðið eftir, að fræðslumálaráðuneytið eða kennslumálaráðherra legðu fyrir að veggfóðra nemendaherbergi eða bæta brotnar þakrennur skóla-bygginganna.

Nú liggur næst fyrir að athuga áhrif hinnar nýju skólaskyldu á kennsluna í sveitunum. Það á að vera heimilt að veita börnum undanþágu frá að vera allan veturinn í heimavistar skóla, en enginn vafi er á, að þeir menn, sem standa fyrir þessu þvingunarnámi, munu leggja mikla áherzlu á, að öll börn og unglingar sitji við sama borð. Það er ekki heldur sýnilegt, að mögulegt verði að láta börnin og unglingana yfirleitt sæta sömu prófraun, nema þau hafi jafnan tíma til námsins. Þess vegna er óhjákvæmlegt að gera ráð fyrir því, að innan skamms yrðu öll börn og unglingar í dreifbýlinu að heiman í heimavistar skólunum 7—9 mánuði á ári frá

7 ára aldri og þar til þau eru 15 ára. Að öllum líkindum mundi sambandið við kaupstaðaskólana lengja þessa skólavist enn um tvö ár.

Það er lítill vafi á því, að heimilin í sveitunum mundu breytast meira en lítið við þetta nýja skipulag. Nú um stund hefur á vetrum verið á heimilum sveitanna þrenns konar fólk: Hjónin á bænum, vandabundin gamalmenni og börn hjónanna á ýmsum aldri. Hin nýja löggjöf mundi losa börnin algerlega við heimilin. Í fyrstu mundu þau koma til foreldranna í sumarleyfinu, en væntanlega ekki telja sig eiga mikið erindi þangað, eftir að lokið væri hinni löngu skólavist, jafnvel þó að ekki væri snúizt að menntaskólanámi. Með þessum hætti væru heimilin svipt hinni miklu hjálp, sem börn og unglingar veita foreldrum sínum með glöðu geði við framleiðslustörfin. Heimilin væru svipt þeim andlega styrk og ánægju, sem börn veita, og börnin væru svipt þeirri margháttuðu menningu, sem fylgir vinnu við framleiðslustörfin og samveru með vandamönnum. Eftir að búið væri að taka börn og unglunga úr íslenskum sveitaheimilum, yrðu þar um stund eftir barnlaus hjón og gamalmenni. Ekki löngu síðar mundu sveitaheimilin leggjast í auðn, eins og byggð Íslendinga í Grænlandi undan sókn Eskimóanna. Af öllum þeim tillögum, sem bornar hafa verið fram á síðari árum til niðurdreps íslenzku skólalífi, er engin háskalegri íslenzkri menningu heldur en sú að taka um 9--11 ára skeið öll börn og unglunga vetrarlangt úr heimilunum frá ættfólki sínu.

Ekki verður hjá því komizt að viðurkenna, að ótrúlega mikill kostnaður leggst á einstaklinga og þjóðfélagið við þetta ráðgerða, lögþvingaða skólalald. Það yrði óhjákvæmilegt, að bæjar- og sveitarfélög yrðu að leggja mikið fé fram til allra þessara margháttuðu skólabygginga, verkstæða, heimavista og kennarabústaða. Laun þessara manna mundu verða mjög þungur baggi, eins og kaupgjaldi er nú hátt við þau störf. Og að öllum líkindum yrði ekki létt byrði fyrir heimilin í sveitinni að kosta öll börn og unglunga að heiman vetrarlangt ár eftir ár. Sennilega mundu mjög margir foreldrar gefast upp við að standa undir þessum greiðslum, og kæmi öll byrðin þá á þau heimili, sem eitthvað hefðu aflögu. Þessi skólaskylduaukning mundi þess vegna, auk annarra áhrifa, verða mikilvirk við að jafna efnahag manna, þannig að allir stæðu að lokum nokkuð jafnt að vígi, með því að eiga ekki neitt.

Það hefði ef til vill verið sök sér að leggja svo mikla stund á að berja hina upp-
vaxandi kynslóð til bókar, ef reynslan sýndi, að löng skólaganga væri alger trygg-
ing fyrir andlegum og líkamlegum afrekum. En þessu er ekki svo varið. Heimilin í íslenzku dreifbýli hafa fram til þessa dags verið vagga alls þess, sem bezt er í íslenzkri menningu. Vinna við margbreytt störf og bóklestur í sveitabaðstofu hefur skapað og haldið við íslenzkri menningu. Þegar snillingar eins og Sveinbjörn Egilsson og Jónas Hallgrímsson taka að vinna að endurreisn tungunnar, þá finna þeir allan efniviðinn á vörum fólks, sem aldrei hafði séð svo mikið sem dyrustaf á skóla-
byggingu. Jafnframt því, að öllum má vera ljóst, að skólaganga er á ýmsan hátt nauðsynleg sem undirbúningur fyrir ýmiss konar vinnubrögð, þá er ekki hægt að neita því, að margt af því, sem bezt hefur verið gert í íslenzku þjóðlífi, hefur verið framkvæmt af mönnum, sem hafa notið engrar eða lítillar skólagöngu. Ef lítið er til atvinnuveganna, þá hafa nálega allir helztu forgöngumenn við umbætur landbún-
aðar, útvegs eða iðnaðar verið sjálfmenntaðir menn að mestu. Nálega engir af for-
kólfum kaupfélaganna eða kaupmenn, sem flutt hafa verzlunina inn í landið síðan um 1870, hafa notið langrar skólagöngu. Sama er raunin, ef lítið er til hinna umfangs-
miklu mannbætandi hreyfinga. Bindindishreyfingin, ungmennafélögin, íþróttastarf-
semin, samvinnusamtökin og verkalýðsfélagsskapurinn, meðan hann starfaði á frjálsum grundvelli, hafa að langmestu leyti verið borin fram af fólki með mikinn lífsþrótt, en litla þvingun á skólabeckjum.

Það takmark, sem nefnd Einars Arnórssonar hefur sett sér, að koma öllum Íslendingum í mjög langa skylduskólagöngu, sýnist ekki jafnóhjákvæmilegt fyrir

íslenska þjóðmenningu og sumir kynnu að halda. Barnaskólar landsins eru meira og minna nauðsynlegir, en þurfa mikilla endurbóta við, eins og síðar mun vikið að. Þvingun og einhæfni þessara skóla hefur haft lamandi áhrif á suma veigamestu þætti hins andlega lífs í landinu. Ferskeytlugerð er undirstaða allrar meiri háttar ljóðagerðar hér á landi, en ekki er kunnugt um, að neinir ferskeytluhöfundar hafi komið úr íslenskum barnaskólum. Ekkert af þjóðskáldum landsins, nema ef vera skyldi Steinn Steinarr, hefur numið í barnaskóla. Ekki heldur þeir listamenn, sem bera af hér á landi. Aðeins einn maður af þeim mönnum, sem rita tilþrifamikið íslenskt mál nú á dögum, hefur stundað nám í barnaskóla, og sá maður varð að læra málið af Snorra Sturlusyni og Jónasi Hallgrímssyni, eftir að hann hafði lokið háskólaprófi.

Íslenska þjóðin hefur vafalaust þörf fyrir að eiga margháttaða skóla, og sá, sem þetta ritar, hefur lagt sinn skerf til þeirra mála í landinu. En reynslan hefur sýnt, að Íslendingar hafa oft komizt langt án mikillar skólagöngu, og í öðru lagi, að ef skólagangan er misheppnuð og vanrækt, getur það verið til fordjörfunar og niðurdreps. Vandamál forgöngumanna skólamála er ekki fyrst og fremst að fjölga skólum og þvinga fólk í skóla, heldur hitt, að gera skólana sem gagnlegasta og umfram allt að láta skólagönguna ekki granda neinum af dýrmætustu þáttum hins íslenska heimilisuppeldis.

Einn af kunnustu og fremstu leiðtogum í uppeldismálum Íslendinga, Sigurður Guðmundsson skólameistari, vonaði að stúdentar úr skóla hans mundu ganga í bændastöðuna og flytja þangað fræ úr akri skólans. Ekki hefur skort í því efni drengilega hvatningu af hans hálfu, en ekki hefur sá áróður borið tilætlaðan árangur. Mjög fáir eða engir stúdentar hafa gerzt bændur. Mjög fáir stúdentar eru leiðtogar í útgerðar-, verzlunar- eða iðnaðarmálum. Í stað þess liggur meginþunginn í straum stúdenta frá framleiðslunni og að launuðum störfum. Að vísu er nauðsynlegt, að dugandi menn gerist verkamenn ríkis og bæja á föstum launum, en tæplega verður það talið við hlitandi, ef skapandi forusta í atvinnumálum verður ekki nema sjaldan í höndum þeirra manna, sem lengst hafa setið á skólabeck. Tillögur millipinganeftdarinnar ganga allar í þá átt að lengja námstímann, auka skólaþreytuna og deyfa framkvæmdaþróttinn. Nefndin sækir á að halla rétti framleiðslunnar, veikja heimilin og gera börnin fráhverf daglegum störfum. Hún gerir sér sérstakt far um að eyðileggja þá þætti í uppeldismálunum, þar sem reynir á frjáls samtök borgaranna til uppeldisbóta, og hlífist hvergi við um neinn tilkostnað á skattborgarana. Ef frumvörp millipinganeftdarinnar verða samþykkt, munu þau fyrst um sinn að mestu leyti verða dauður bókstafur, en þó til skaða, þar sem um einhverja framkvæmd verður að ræða. Mjög sennilegt er, að almenn samtök verði hafin í landinu móti öfgum þeirra, svo sem tilraunum nefndarinnar að láta barna- og unglingaraddir verða útlægar af sveitaheimilunum. En að einu leyti gæti starf nefndarinnar orðið að gagni. Þar er safnað saman í eitt kerfi nálega öllum ágöllum núverandi skipulags og miklu aukið við. Frumvarp nefndarinnar um allsherjar sókn á hendur þjóðlegri menningu í sambandi við kennsluna mun áreiðanlega vekja þjóðina til nýrra aðgerða í uppeldismálunum. Vandinn er í því fólgin að viðhafa hæfilega mikla skólagöngu til stuðnings hinu þjóðlega uppeldi, en þrengja hvergi að starfi mæðra og feðra við uppeldi hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Nú hefur verið bent á fáein dæmi um vanhyggni þeirra, sem starfað hafa í millipinganeftnd Einars Arnórssonar, og það, í hve litlu sambandi nefnd þessi stendur við stjórn mála- og þjóðlíf Íslendinga. En þar sem hér er gert ráð fyrir nýrri millipinganeftnd, sem kosin verður af Alþingi, þykir ekki verða komizt hjá, að tillögunni fylgi bendingar um nýjar og heppilegar leiðir í uppeldismálum þjóðarinnar. Verður vikið að þeim stuðningi við tillöguna í sérstakri framhaldsgreinargerð.